

Allra best

Myndlist

opus – ousps




Sýning Guðnýjar Rósu Ingimarsdóttur, opus – ousps, á Kjarvalsstöðum hefur vakið mikla athygli. Í dómi um sýninguna í Fréttablaðinu sagði Aðalsteinn

Ingólfsson listfræðingur: „Rannsóknir Guðnýjar Rósu fara fram á vettvangi sem er umfram allt lífrænn. Þar vinnur hún innan um form sem kalla upp í hugann frumur, vefi, æxli, þarmaflóru, líffæri og lífheim plantna, lagfærir það sem hefur „aflagast“, flysjar það sem vaxið hefur úr sér, ýmist með skurðhnífi, blýanti, saumi, heftara eða tippexi. Öðrum þræði er hún því í hlutverki græðarans.“

Bókin

Handfylli moldar



Handfylli moldar eftir Evelyn Waugh er ein af bestu bókum höfundarins og komst á lista Modern Library yfir 100 bestu skáldsögur tuttugustu aldar.

Sagan segir frá hjónunum Brendu og Tony. Brenda yfirgefur mann sinn eftir harmleik í lífi þeirra. Örlögin eiga svo eftir að leika Tony grátt. Griðarlega vel stíluð og launfyndin saga sem verður æ harmrænni eftir því sem á líður. Sögulokin eru svo sláandi að þau nálgast að vera fantaskapur. Bók sem bókaunnendur mega alls ekki missa af.

Bíó

Last Night in Soho



Last Night in Soho er hvalreki fyrir þau sem þyrstir í frumlegar bíómyndir. Þótt fingraför Edgars Wright séu úti um allt er Last Night in Soho samt hans

frumlegasta mynd til þessa og með þessum sálfræðitrylli sýnir hann að ekkert er honum ofviða hvort sem það eru spennmyndir eða grínmyndir og allt þar á mili. ■